

50. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 20.10. 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a. 158. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands
 - b. Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi 24.09.2020 og ársskýrsla
 - c. Fundargerð almannavarnarnefndar 12.10.2020
 - d. Fundargerð byggingarnefndar 30.09.2020
 - e. Fundargerð samfélagsnendar 1.10.2020
 - f. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25.9.2020
 - g. Fundargerð Upphéraðsklasa 16.09.2020
2. Ársreikningar:
 - a. Ársreikningur orkusveitarfélaga 2019
 - b. Ársreikningur Laugargarða ehf. 2019
3. Hengifoss:
 - a. Skýrsla Vatnajökulspjóðgarðs um Hengifoss 2020
 - b. Uppgjör og lokaskýrsla við fullnaðarhönnun húss
 - c. Uppgjör og lokaskýrsla v. göngustígs.
4. Stofnsamningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga-tillögur að breytingum
5. Félagspjónustuútbúð Fljótshrepps í Útgarði 7 Egilsstöðum-eignarluti
6. Staðsetning kyndistöðvar við Végarð
7. Erindi Sauðagulls um notkun eldhúss í Végarði
8. Erindi SAM félagsins um samstarf við Fljótshrepp
9. Tilnefning áheyrnarfulltrúi í stjórn SSA
10. Tillaga um stuðning við starfsemi Dyngju
11. Erindi Harðar Guðmundssonar um styrk til jarðarkaupa.
12. Önnur mál

1. Fundargerðir

- a. 158. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands. - Kynnt.
- b. Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi 24.09.2020 og ársskýrsla kynnt. Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum með samstarfs vegna brunavarna, en eins og fram kemur í fundargerðinni er gert ráð fyrir að leggja niður Brunavarnir á Austurlandi.
- c. Fundargerð almannavarnarnefndar 12.10.2020. - Kynnt.
- d. Fundargerð byggingarnefndar 30.09.2020. - Kynnt.
Varðandi lið 1. Þá leggur landeigandi fram uppdrætti að lóðum í landi Brekkugerðis. Það sama á við um lið 2., þar leggja landeigendur fram uppdrættina. Í 6. lið fundargerðarinnar er nefnt ástand íbúðarhússins á Arnaldsstöðum, en til stendur að brunavarnir á Héraði noti húsið til brunaæfinga.
- e. Fundargerð samfélagsnefndar 1.10.2020. - Kynnt.
- f. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25.9.2020. - Kynnt.
- g. Fundargerð Upphéraðsklasa 16.09.2020 . - Kynnt.

2. Ársreikningar:

- a. Ársreikningur orkusveitarfélaga 2019
Kynnt drög að ársreikningi og sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við þau.
- b. Ársreikningur Laugargarða ehf. 2019
Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn eins og hann liggur fyrir.

3. Hengifoss:

- a. Skýrsla Vatnajökulspjóðgarðs um Hengifoss 2020. - Kynnt.
- b. Uppgjör og lokaskýrsla við fullnaðarhönnun húss. - Kynnt.
- c. Uppgjör og lokaskýrsla v. göngustígs.. - Kynnt.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur samþykkt uppgjör vegna verkefnanna. Gunnarsstofnun hefur séu um umsóknir í sjóðinn og skýrsluhald sem hluta af þjónustusamningi stofnunarinnar við sveitarfélagið. Sveitarstjórn vill einnig þakka Vatnajökulspjóðgarði fyrir góðar og gagnlegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni.

4. Stofnsamningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga - tillögur að breytingum

Samningurinn kynntur. Sveitarstjórn leggur til að öll sveitarfélög sem standa að samningnum eigi fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafnsins. Sveitarstjóra falið að koma þessu sjónarmiði á framfæri.

5. Félagsþjónustuíbúð Fljótsdalshrepps í Útgarði 7 Egilsstöðum - eignarhluti

Sveitarstjóra falið að vinna að þessu máli áfram.

6. Staðsetning kyndistöðvar við Végarð

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti staðsetningu á kyndistöðinni, ofan Gunnhildargerðis og innan við birkiskjólbelti. Sveitarstjóra falið að hafa samband við slökkviliðsstjóra vegna stöðvarinnar.

7. Erindi Sauðagulls um notkun eldhúss í Végarði

Erindinu er vísað til húsnefndar.

8. Erindi SAM félagsins um samstarf við Fljótsdalshrepp

Snýr að því að móta stefnu fyrir sameiginlegt vörumerki um afurðir úr austfirskum skógi og mótun árlegs viðburðar í Végarði. Sótt er um að sveitarfélagið bjóði fram afnot af Végarði í júní 2021 undir ráðstefnu og sýningum ásamt því að bjóða upp á veitingar.

9. Tilnefning áheyrnarfulltrúi í stjórn SSA

Oddviti tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins og varaoddviti til vara.

10. Tillaga um stuðning við starfsemi Dyngju

Á síðasta sveitarstjórnarfundi lagði Anna Jóna til að starfsemi Dyngju yrði styrkt um 1.000.000 kr.. Sveitarstjóra var falið að kanna hvernig því væri best fyrir komið. Niðurstaðan var að starfsmannasjóður HSA-Dyngju fær 400.000 kr. og Hollvinasamtök Dyngju 600.000 kr.. Tillagan samþykkt en Gunnþórunn sat hjá.

11. Erindi Harðar Guðmundssonar um styrk til jarðarkaupa

Sveitarstjórn styrkir ekki jarðarkaup en beinir umsækjanda, ef um styrki til atvinnuuppbyggingu er að ræða, til Samfélagssjóðs.

Samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu, Gunnþórunn var á móti.

Gunnþórunn lítur svo á að beiðni um styrk lúti að uppbyggingu á atvinnustarfsemi og fordæmi sé fyrir því að hreppurinn hafi styrkt atvinnustarfsemi í sveitinni og er því þeirrar skoðunar að samþykkja eigi beiðni um styrk.

12. Önnur mál

a. Viðaukar 2 við fjárhagsáætlun 2020

Sveitastjórn leggur til eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2020

Deild 0544. Menningarmál. Viðarkynding Végarði, kostnaður áætlaður kr 10.000.000 og tekjur/styrkur kr. 3.400.000. Breyting verður því á aukningu útgjalda að frádregnum tekjum kr. 6.600.000.

Deild 05. Hreinsun bílastæða við kirkjuna og Végarð áætlaður kostnaður kr. 1.000.000 sem skiptist á milli þessara liða.

Deild 0544. Rafhleðslustöð við Végarð. Áætlaður kostnaður kr. 2.000.000 og tekjur/styrkur kr. 900.000. Breyting verður því á aukningu útgjalda að frádregnum tekjum kr. 1.100.000.

Samtals heildarbreytingar vegna deildar 05 menningarmál kostnaðaraukning kr. 8.700.000.

Deild 11. Umhverfismál. Hækkun Umhverfisstyrkja um kr. 26.000.000.

Deild 11. Hækkun kostnaðar vegna hreinsunar bílastæðis og merkingu við Hengifoss kr. 300.000.

Deild 11. Hækkun vegna göngustíga, aukning kostnaðar kr 7.000.000 að frádregnum aukningu tekna styrkur frá Ferðamálastofu kr. 4.726.700. Kostnaðaraukning verður því 2.273.300.

Samtals heildarbreytingar vegna deildar 11 er því kr. 28.573.300 kostnaðaraukning.

Deild 10. Umferðar- og samgöngumál. Gerð reiðvegjar frá Hjarðarbóli að Droplaugastöðum kr. 2.000.000.

Kostnaðaraukning deildar 10 er því kr. 2.000.000.

Deild 13. Atvinnumál. Frestað verður endurbótum á eldri húsum Fjallaskarði kr. 6.200.000. Áætluð kostnaðaraukning vegna endurbóta á Hrakströnd kr. 700.000.

Samtals heildarbreytingar á deild 13 Atvinnumál er því lækkun kr. 5.500.000.

Deild 31. Eignasjóður. Aukning útgjalda vegna viðhalds á Laugafelli kr. 800.000.

Áætluð er aukning útgjalda vegna viðhalds á gistishúsinu Végarði kr. 5.000.000

Vegna Covid 19, er húsaleiga lækkuð um 50% vegna Laugafells eða kr. 1.115.000 og kr. 1.700.000 vegna gistihúsins við Végarð.

Afskriftir í eignasjóði lækkaðar um 1.700.000 vegna lækkunar á fjárfestingum í eignasjóði.

Samtals heildarbreytingar á deild 31 eignasjóði er því hækkun á kostnaði kr. 6.915.000

Deild 21. Sameiginlegur kostnaður. Aukning útgjalda vegna skrifstofubúnaðar kr. 1.000.000.

Kostnaður vegna breytingu í stjórnsýslu er aukning útgjalda kr. 9.000.000.

Samtals heildarbreytingar á deild 21 sameiginlegur kostnaður er því hækkun á kostnaði kr. 10.000.000.

Deild 0008 Skatttekjur. Lækkun tekna úr Jöfnunarsjóði kr. 8.625.000.

Nettóbreyping viðauka í reksrarliðum er hækkun kr. 59.313.300.

Deild 31. Eignarsjóður vegna lækkunar á fjárfestingum.

Breytingar í eignarsjóði eru, lækkun á fjárfestingum, vegna Hengifoss þjónustuhús kr. 30.000.000, íbúðarhúsnæði til leigu kr. 60.000.000, skemma kr 40.000.000 og viðhald Végarði kr. 11.000.000.

Samtals breyting í eignarsjóði er því lækkun kr. 141.000.000.

Nettóbreyping viðauka nemur kr 81.686.700. Viðaukanum verður mætt með hækkun á handbæru fé um kr. 81.686.700.

.....
Samþykkt samhljóða.

Oddviti fól aldursforseta að stjórna fundi og sveitarstjóra að rita fundargerð
Jóhann og Lárus viku af fundi vegna vanhæfis

- b. Samningur við oddvita og varaoddvita um afleysingu sveitarstjóra
Samningurinn samþykktur samhljóða.

Jóhann og Lárus komu aftur til fundar

- c. Anna Jóna spurði hvort ekki ætti að láta oddvita vita ef boða ætti til varamanna.
- d. Haft var samband við Önnu Jónu og henni bent á að ónýt girðing væri á Fljótsdalsheiði sem talið er að Fljótsdælingar eiga.
- e. Eiríkur ræddi einnig um ónýtar girðingar í sveitarfélaginu og ábyrgð sveitarfélagsins gagnvart þeim, en eins og áður hefur komið fram þá er eitthvað um að hreindýr séu að flækst í þeim og drepast.
- f. Gunnþórunn benti á að Íljósi þess að boðað hefur verið að til breytinga um byggðasamlög á Austurlandi í kjölfar sameininga sveitarfélaganna Fljótsdalshéraðs, Djúpavogshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, er sveitarstjóra og oddvita falið að fara yfir alla samninga sem Fljótsdalshreppur á aðild að og í gildi eru og undirbúa umræðu um þau mál á sveitarstjórnarfundi í nóvember.

Fundi slitið klukkan 17:31

Lárus ritaði fundargerð í tölvu